



## SVAR

**Viðtakandi:** Stafrænt ráð

**Sendandi:** Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

### **Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi kostnað vegna ráðstefnuhalds**

Á fundi stafræns ráðs þann 14. febrúar 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 51. lið fundargerðar borgarráðs frá 25. janúar 2024:

*Hver er kostnaður þjónustu- og nýsköpunarsviðs vegna ráðstefnuhalds undanfarin 4 ár? Hversu mikill tími starfsfólks hefur farið í ráðstefnur og undirbúning þeirra? Hver er kostnaður sviðsins vegna fyrirlesara? Hverjir hafa tekið þátt í slíkum viðburðum á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs og stafræns ráðs?*

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 15. febrúar 2024.

#### **Svar:**

Á síðastliðnum fjórum árum hefur þjónustu- og nýsköpunarsvið staðið fyrir þremur ráðstefnum. Þær voru:

- Ráðstefna um stafræna vegferð Reykjavíkur sem haldin var og send út rafrænt þann 11. júní 2021.
- Málþing á Hönnunarmars um þjónustuhönnun sem fram fór í Kaldalóni í Hörpu 5. maí 2022.
- Málþingið „Nýsköpun fyrir fólk“ sem haldin var í Nýsköpunarviku 25. maí 2023, í samstarfi við atvinnu- og borgarþróunarteymi Reykjavíkurborgar og var hluti af opnum fundum stafræns ráðs.

Heildarostnaður vegna þeirra var kr. 3.497.682,- en hluti ráðstefnanna tengdist skyldum borgarinnar gagnvart Bloomberg Philanthropies og var greiddur með fjárframlagi úr “iTeams” verkefninu.

Ekki eru tiltækar eða aðgengilegar upplýsingar varðandi hversu mikill tími starfsfólks hefur farið í ráðstefnur og undirbúning þeirra. Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur ekki borið neinn kostnað vegna fyrirlesara á ráðstefnum. Ekki eru tiltækar eða aðgengilegar upplýsingar um hverjir hafa tekið þátt í slíkum viðburðum á vegum sviðsins.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,  
sviðsstjóri